Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Kvistaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 4
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 13
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 15
4. Starfsþróunarsamtöl 20
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 20
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis 21
7. Foreldrasamstarf 21
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 22
9. Þróunarverkefni 22
10. Fylgiskjöl: 23
10.1 **Innra mat deilda 2025-2026** 23
10.2 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** 27
10.3 Skóladagatal 2026-2027 28
10.4 Samstarf Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogskólasskóla 2026-2027 29
10.5 Öðruvísi dagar í Fossvogi 2026-2027 30
10.6 Umsögn foreldraráðs 31
10.7 Viðauki frá listkennslu 2025-2026 32

1. Greinargerð leikskólastjóra

Um haustið 2025, var Kvistaborg enn að koma sér fyrir eftir flutninga skólans í Haðaland 26. Börnum fjölgaði hjá okkur og bættust við 34 börn frá því sem fyrir var og við fórum úr því að vera með 53 börn, upp í 87 og á sama tíma jókst sérkennsla hjá okkur til muna. Yfir skólaárið fóru þrír starfsmenn í fæðingarorlof og það kom að starfslokum hjá tveimur kennurum sem að við kvöddum eftir langt samstarf. Þetta kallaði á tölverðar nýráðningar starfsmanna og við réðum til okkar um 18 starfsmenn yfir veturinn og það má segja að það hafi tekið töluvert á að finna rétt fólk og þjálfa til starfsins því ekki tókst að fá kennara til starfa. Tekið skal fram að ekki voru allir í fullu starfi, og allir voru tímabundið ráðnir og því mátti búast við að endurráða þyrfti í sömu störf fyrir haustið 2026.

Um haustið 2026, var enn fjölgað í barnahópnum við fórum úr 87 börn upp í 95 börn, sem kallaði enn frekar á stækkun starfsmannahópsins og við höfum ráðið til okkar tólf nýja starfsmenn, allt frá tímavinnu upp í 100% starf haustið 2026. Það er ánægjulegt að segja frá því að ráðningar þetta hausið hafa gengið framar öllum vonum og við höfum fengið til okkar fleira fólk með háskólamenntun.

Þegar horft er í baksýnisspegilinn, þá var það upplifun allra að síðasti vetur var mjög þungur. Það fylgja vaxtaverkir þegar skóli stækkar og verkefnin þyngjast. Það fer almennt mikil orka í að taka á móti mörgum nýjum starfsmönnum og svo upplifðum við ýmis áföll sem komu upp í starfsmannahópnum sem þörfnuðust nærgætni og mannlegrar hlýju.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir, þá getum við samt sagt með stolti að daglegt starf gekk almennt vel og við náðum að halda upp þeim hefðum sem við stöndum vörð um og við þurftum aldrei að nýta okkur fáliðunaráætlun, því flæðið er bæði gott í starfi með börnum og á milli starfsmanna. En fórnarkostnaðurinn var, því miður að deildarfundi, stjórnendafundir og undirbúningur viku oft á tíðum, fyrir grunnþjónustu við börn.

Við fengum loks nýju lóðina afhenta í apríl 2026 og það var kærkomið. Það stytti vegalengdina aðeins að koma börnunum yfir á leikvöllinn. Við finnum alveg fyrir daglegum áskorunum með það að ferja börnin yfir á öruggan hátt. Með tilkomu nýju lóðarinnar, var nauðsynlegt að endurmeta aðstæður og öryggi í starfsumhverfi barna og starfsmanna. Því var gert endurmat á aðstæðum og lóðarferjun sem kallaði á viðbótar stöðugildi vegna sérstra aðstæðna sem við störfum við.

Íþróttahátíð fór fram fyrir sumarfrí 2026, og börnin fóru á milli 8 stöðva og gerðu ýmsar æfingar og tókst hún vel sem fyrr.

Sumarhátíð héldum við síðusumar, eða í ágúst 2026 í góðu samstarfi við foreldrafélagið í blíðskaparveðri.

Í fyrsta sinn, í samvinnu við foreldri, var dagatal Kvistaborgar sent út rafrænt í Outlook 2025-2026 og það uppfært eftir þörfum yfir veturinn. Það gafst vel og verður dagatalið því sent áfram út rafrænt næsta vetur 2026-2027.

Sumarið 2026 byrjuðum við á því að endurskoða og uppfæra söngbók Kvistaborgar og það er ærið verk, og verður famhaldið næsta skólaár.

Við höfum gert samning við mannauðsdeild Reykjavíkurborgar, til tveggja ára um virkari viðverustjórnun. Markmiðið er að efla faglegt og samræmt verklag í viðverumálum með því að:

- Styrkja stjórnendur í daglegri viðverustjórnun, samskiptum og eftirfylgni
- Auka fyrirsjánaleika, samræmi og skilvirkni í vinnslu viðverumála
- Styðja við heilsu, vellíðan og viðveru starfsfólks.

32 börn voru útskrifuð ágúst 2026, glæsilegur hópur og aldrei áður höfum við verið með jafn stóran útskriftarárgang og í fyrsta skiptið útskrifuðum við börnin daginn áður en þau hættu í leikskólanum og síðasta daginn þeirra í Kvistaborg fóru þau í útskriftarferð í Árbæjarsafnið.

Með fjölgun barna, hefja 40 börn aðlögun haustið 2026. Við erum bæði að bæta við okkur deildarstjóra, förum úr 4 upp í 5 deildarstjóra með þessari fjölgun, ásamt því að við erum stöðugt að umbreyta deildum, miðað við fjölda barna á deild hverju sinni.

Aðlögun og fjöldi barna skólaárið 2026-2027				
		Eru í skólanum	Aðlögun haust 2026	Samtals börn í vetur
2025	Víðilundur		3	3
2024	Víðilundur	5	14	19
2023	Birkilundur	9	13	22
2022	Asparlundur	13	6	19
2021	Reynilundur	28	4	32
Samtals börn		**55**	**40**	**95**

Skólahlaup Kvistaborgar fór fram í ágúst 2026, börnin máttu hlaupa eins marga hringi og þau vildu og gátu, en hlauptið var í kringum lóð og hús skólans í Haðalandi. 86 börn tóku þátt í hlaupinu, hringurinn var 234 metrar og börnin voru óstöðvandi, hlupu allt frá 3 hringjum upp í 44 hringi. Metið var slegið frá því í fyrra, sem var 14,8 hringir að meðaltali á hvert barn, en núna í ár hlupu börnin 20,6 hringi að meðaltali.

Víkingsstúlkur í yngri flokkum og nokkur eldri systkini barnanna mættu til að hvetja þau áfram og að hjálpa til, en við vorum með vatnspósta og gáfum börnunum stimpil eftir hvern hring og þau tóku sér hlé inn á milli eftir þörfum, og voru alls ekki á því að hætta. Á endanum lokuðum við hlaupinu fyrir hádegismat.

Fjöldi hringja hlaupnir	Kílómetrar hlaupnir	Hringir hlaupnir að meðaltali á hvert barn
1773	417,978	20,6

Komdu út að leika

Lýðheilsusjóður landlæknis styrkir verkefnið „Komdu út að leika.” Verkefnið er ætlað börnum og foreldrum í Kvistaborg. Markmið verkefnisins er að hvetja fjölskyldur til að koma út að leika á lóð Kvistaborgar um helgar á ákveðnum tíma yfir daginn. Þar sem leikefni Kvistaborgar væri í boði og foreldrar fá frábært tækifæri til að mynda betri tengsl við aðrar fjölskyldur.

Verkefnið er hugsað fyrir alla í Kvistborg og sérstaklega hugsað fyrir fjölskyldur að erlendum uppruna sem hafa ekki náð að tengjast skólasamfélaginu. Þetta er tækifæri til að kynnast nýju fólki, mynda félagsleg tengsl og finna sig betur í íslensku samfélagi.

Vegna aðstæðna og meðal annars veðurs hefur aðeins verið boðið upp á þetta einu sinni, en mikill hugur er að halda áfram með verkefnið veturinn 2026-2027.



Barnamenningarhátíð

Börnin á elstu deild tóku þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur og sungu fyrir fullum Eldborgarsal í Hörpu í leikskólaverkefninu Söngvavor.

Foreldrar fjölmenntu í salin og þessi viðburður er mjög stór og börnin fá frábært tækifæri á að koma fram með lifandi tónlist. Það er virkilega vel að þessu staðið.



Námssöguskráningar

Á skipulagsdegi fengum við stutt erindi frá deildarstjóra sem er að lauk meistaragráðu í menntunarfræðum leikskóla síðasta vor. Erindið fjallaði um námssöguskráningar í anda Reggio Emilia. Markmið kynningarinnar var að fræða starfsfólk Kvistaborgar um gildi námssöguskráninga fyrir nám og velferð barna, auk þess að fara yfir hvernig slíkar skráningar eru unnar. Jafnframt var lögð áhersla á að námssöguskráningar fái viðeigandi sess í daglegu leikskólastarfi og verði órjúfanlegur hluti af námi barna í Kvistaborg.

Námssöguskráningar eru nýttar til að fylgjast markvisst með námi, þroska og styrkleikum barna. Í þeim eru skráðar athuganir á leik barna, hvað þau segja og gera, með sérstakri áherslu á ímyndunarafl, sköpun, félagsfærni og leik.

Í framhaldinu var sett upp sameiginleg mappa á innri vef leikskólans þar sem starfsfólk getur haldið utan um skráningar og einfaldað uppsetningu þeirra. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á þessu starfi.

Hér er dæmi um skráningu:

X að klifra upp kastalann

X og X eru mjög góðar vinkonur og sækjast mikið í hvor aðra í leikskólanum. Það var skemmtilegt að fylgjast með þeim í útiveru þegar X klifraði alveg sjálf upp í kastalann og X vildi gera eins. X fór til starfsmanns og spurði hvort hann gæti lyft henni upp í kastalann. Hann svaraði neitandi og sagði að hún ætti að prófa sjálf að klifra upp köngulóavefinn. Hún X lét þetta ekki stoppa sig og ákvað að reyna að klifra alveg sjálf og þetta gat hún. X er hugrökk ung stelpa sem lætur ekkert stoppa sig og er ótrúlega dugleg að prófa nýja hluti.





Skráð af Evu Kristrúnu 24. nóvember 2025

Fræðsla um öryggi, ofbeldi og kynheilbrigðismál

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu þótti nauðsynlegt að starfsfólk fengi fræðslu um viðbrögð við ofbeldi og kynheilbrigði barna. Á skipulagsdegi fengum við fræðslu frá bæði Barnaheillum og Jafnréttisskóla Reykjavíkur um þessi málefni.

Starfsmenn haustið 2026

Ekki er unnt að ljúka samantekt um helstu atriði án þess að fara yfir stöðu ráðningarmála. Taflan gefur skýrustu mynd af stöðunni í Kvistaborg. Það tekur tíma að ná stöðugleika þegar skóli stækkar og tekur að sér umfangsmeiri verkefni. Mestu áhyggjuefni er þó hversu fáir leikskólakennarar sækja um störf, en athygli vekur að það fjölgar verulega hjá okkur starfsfólki með aðra háskólamenntun, bæði á uppeldissvið og af öðrum sviðum.

Þó eru jákvæðar fréttir að tveir starfsmenn luku meistaragráðu í menntunarfræðum leikskóla vorið 2026 og tveir halda áfram í meistaranámi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands, veturinn 2026-2027. Tveir til viðbótar hófu fjarnám í master í leikskólakennararfræðum frá háskólanum á Akureyri nú í haust og fimmti starfsmaðurinn byrjar í grunnnámi í leikskólakennarafræðum við HÍ. Við erum því með fimm starfsmenn í námi til leikskólakennara. Hér fyrir neðan má sjá yfirlitstöflu yfir starfsmenn Kvistaborgar. Við erum með 31,7 stöðugildi að öllu meðtöldu, m.a. sérkennslu og því sinna 36 starfsmenn, auk þeirra eru um 6 starfsmenn í tilfallandi tímavinnu.

Fagmenntun og fjöldi starfsmanna í Kvistaborg	Fjöldi starfsmanna 2026-2027	Stöðugildi 2026-2027
Leikskólakennarar	7	6,4
Háskólamenntun á uppeldissviði	7	5,8
Önnur háskólamenntun	10	8,6
Starfsmenn	10	8,9
Eldhús	2	2
Samtals	36	31,7

Nemar

Veturinn 2025-2026 fengum við til okkar tvo norska nema í leikskólakennarafræðum í samstarfi við norska háskólann, Universitetet i Agder, Kristiansand. Samstarfið hefur reynst afar gefandi og lærdómsríkt á báða bóga.

Við fengum einnig tvo nema til okkar sem stunda nám í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið háskóla Íslands þeir voru hjá okkur í nokkrar vikur veturinn 2025-2026.

Aðrar heimsóknir sem við fengum til okkar:

- Erasmus: Fimm leikskólakennarar frá Eistlandi í skuggakennslu.
- Erasmus: Fjórir leikskólakennarar frá Þýskalandi í skuggakennslu.
- 30 leikskólakennarar frá Póllandi í kynningu og skoðun á leikskólanum.
- Erasmus: Einn leikskólakennari frá Austurríki í skuggakennslu.
- Tveir franskir nemar í leikskólakennarafræðum.
- Erasmus heimsókn frá rúmenskum leikskólakennurum.
- Tveir nemar frá tungumálaskólanum Mími.

Sumarið 2026 voru fimm vinnuskólanemar (nemar sem voru að ljúka 10. bekk) og svo vorum við með tvo sumarliða, en það eru ungmenni sem eru undir 18 ára, þau unnu hjá okkur í nokkrar vikur í sumar.

Samstarfið er bæði krefjandi og afar gefandi. Gestir okkar sýna mikinn áhuga á útinámi, hreyfingu og daglegu starfi leikskólans. Þeir hafa sérstaklega bent á sjálfstæði barnanna, einfalt og skýrt námsumhverfi sem styrkleika í Kvistaborg. Slík endurgjöf hvetur okkur til áframhaldandi þróunar og umbóta. Stefnt er að því að halda þessari starfsemi áfram á næsta skólaári.

Evrópusamstarf - Erasmus
Þrír kennarar fóru til Valencia í október 2025 í skuggakennslu í viku.
Fjórir kennarar fóru til Haag í apríl og fluttu erindi um Ísland og kynntust Hollensku skólakerfi.

Evrópusamstarf okkar í gegnum Erasmus fer sívaxandi og við finnum fyrir auknum áhuga á skuggakennslu og fyrirspurnum til okkar. Þessar heimsóknir og samstarf gefa okkur mjög mikið, við tengjumst öðrum löndum og deilum upplýsingum og góðu efni sem nýtist í okkar skólastarfi.

Námsferð erlendis - Stokkhólmur
Allir starfsmenn fóru í námsferð erlendis í maí 2026. Förinni var heitið til Svíþjóðar, þar sem heimsóttir voru tveir leikskólar sem störfuðu í anda Reggio Emilia og við tókum þátt í skipulagðri vinnustofu. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og tekið var vel á móti okkur. Þetta var bæði nærandi og góð ferð og ekki síður fyrir starfsmannahópinn að fá tækifæri til að vinna náið saman í bæði leik og starfi.



Einingakubbar

Fjölbreytt og skapandi starf hefur farið fram með einingakubba í vetur. Leikskólinn Kvistaborg býr yfir góðu aðgengi að þessum efnivið og fyrir um ári síðan hóf störf hjá okkur verkefnastjóri með einingakubba, sem er með víðtæka reynslu af kubbatengdu starfi og fræðilegan grunn. Verkefnastjórinn kom inn með dýrmæta þekkingu og faglega innsýn um notkun þeirra.

Undir leiðsögn hefur kubbastarfið í Kvistaborg tekið markverðum framförum. Þrátt fyrir að efniviðurinn hafi áður verið til staðar á deildum skólans skorti starfsfólk að einhverju leyti fræðilega undirstöðu og markvissa nálgun í nýtingu hans í leik með börnunum. Þróað hefur verið skipulagt og fjölbreytt starf með einingakubbum sem hefur eflt faglegt gildi þeirra í leik og námi. Einingakubbarnir bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til sjálfsprottins leiks og skapandi úrvinnslu.

Samhliða kubbunum er nýttur fjölbreyttur viðbótarefniviður, svo sem endurnýtanleg efni, pappír, efnisbútar og smærri kubbar í öllum regnbogans litum sem styðja við ímyndunarafl og fjölbreytta sköpun. Einnig hefur verið komið upp kubbasvæði í Höllinni (útideildinni) til að tryggja að sem flest börn fái aðgang að þessum efniviði, þar sem sambærileg aðstaða og í aðalbyggingunni hefur verið útfærð.



Listasmiðja

Fjölbreytt og skapandi starf hefur átt sér stað í listasmiðju Kvistaborgar í vetur. Þar er unnið með fjölbreytt viðfangsefni og efnivið undir leiðsögn verkefnastjóra listasmiðjunnar. Í listasmiðjunni skapast aðstæður sem styðja við flæðisástand, þar sem börn gleyma stund og stað, einbeita sér af alúð og sökkva sér í viðfangsefni sín. Til að stuðla að slíku flæði eru ákveðin skilyrði höfð að leiðarljósi.

Lögð er áhersla á rólegt og styðjandi umhverfi þar sem börn fá nægan tíma og rými til að vinna á eigin forsendum. Að jafnaði eru einungis þrjú börn í listasmiðjunni í senn og mikilvægt er að raska ekki þeirri einbeitingu sem myndast, heldur að virða það skapandi ferli sem þar á sér stað.

Sjá má frekari upplýsingar um listasmiðjuna og þau verk sem voru unnin í vetur undir fylgiskjal nr.10.6



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Það var á áætlun að innleiða rafræna skráningar á þrifum deilda og í eldhúsi. Í stuttu máli tókst það ekki, og því framlengjum í því verkefni, ásamt því að Kvistaborg verði réttindaskóli UNICEF, en áætluð lok á því verkefni er áramót 2027-2028. Afhending nýrrar lóðar var ástæða til að setja af stað endurmat sem kemur hér en var ekki í áætlun.

Hvað var metið?	Áskoranir á nýrri lóð
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólk var beðið um að skrá niður athugasemdir varðandi nýju lóðina sem tekin var í notkun. Matið var unnið skriflega og fór fram á kaffistofu starfsmanna og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk leikskólans. Ábendingar frá foreldrum.
Helstu niðurstöður mats	Ýmislegt blasti við á nýju lóðinni og margt sem þurfti að endurskoða í tengslum við fyrri verkferla. Þar eru meðal annars fjögur til sex hlið sem kallaði á breytt skipulag. Stjórnendur leikskólans settu fram nýja verkferla og skriflegar leiðbeiningar varðandi notkun þeirra, með ábendingar starfsfólks að leiðarljósi. Einnig bárust nytsamlegar ábendingar frá foreldrum um nýju lóðina, sem voru teknar til greina eftir að notkun þeirra hófst. Við læsum tveimur hliðum, og nýtum aðeins eitt hlið til útgöngu í loks hvers dags. Erum með starfsmann á hliðvakt, og sá sér um að stimpla börn út þegar þau eru sótt. Leikföng eru úti þar til síðasta barn fer og það er gengið frá því í kistuna á pallinum. Ferja þarf börn með mikill aðgát á milli lóðar og húss, helst að hafa 2 starsfsmenn í hverri ferjun barna. Við fengum leikfangakistur, fyrir útileikföng, sem auðveldaði frágang og aðgang að leikföngum. Við notum aðallóðina, yfir daginn að mestu en endum alla daga á neðri lóðinni þegar við skilum úti.

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna – Stofnun ársins 2025
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn (fjöldi svarenda 13).
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður Kvistaborgar voru yfir meðaltali í öllum samanburðarhópum, það er hjá Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasviði, Norðurmiðstöð SFS og leikskólum Norðurmiðstöðvar. Í heildarmati hefur þó orðið lækkun frá fyrra ári. Óveruleg lækkun mældist á nokkrum þáttun, hins vegar hefur orðið hækkun á þó nokkrum liðum. **Tækifæri til úrbóta** 1. Launakjör: við hvetjum til þess að kjaramál verði tekin til endurskoðunar við næstu samningagerð. 2. Vinnuskilyrði: að vissu leyti má segja að vinnuskilyrði hafi ekki verið nægilega góð, en við höfum verið í framkvæmdum frá árinu 2017 og það er oft eitthvað sem við ráðum illa við. Vinnuskilyrði hafa þó batnað með flutningi starfseminnar í Haðaland. Við búum við flókið starfsumhverfi þar sem skólinn er rekinn í þremur byggingum og erum með þrjár lóðir. Við höfum ekki samliggjandi lóð við aðalbygginguna, sem hefur veruleg áhrif á daglegt starf. Ekki verður hægt að bæta þetta að fullu fyrr en endanlegum framkvæmdum lýkur. 3. Sveigjanleiki í vinnu: Tiltekin óvissa hefur fylgt innleiðingu styttri vinnuviku starfsmanna. Enn erum við að aðlagast þessari breytingu og læra að nýta hana sem best, enda um að ræða mikilvæga kjarabót. Nokkrar útfærslur eru í notkun á styttri vinnuviku, sem mótast bæði af óskum og þörfum starfsmanna og einnig af álagstengdum aðstæðum á vinnustaðnum. Í sumum tilvikum safna starfsmenn upp styttingartíma til að taka hann út þegar betur hentar. Einnig má nefna að fyrirsjáanleiki varðandi skráningardaga leikskólans hefur verið takmarkaður. Þrátt fyrir það mælist sveigjanleiki enn góður, þó að hann hafi dregist lítillega saman og ánægja minnkað örlítið á milli ára.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar 2025

Topp fimm niðurstöður	
Heildarmat	4,4
Jafnrétti	4,78
Ímynd	4,78
Stjórnun	4,69
Ánægja og stolt	4,62
Sjálfstæði í starfi	4,52

Botn þrjú niðurstöður	
Launakjör	2,85
Vinnuskilyrði	4,14
Sveigjanleiki í vinnu	4,36

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stóra verkefnið okkar er að ráða til okkar hæft fólk til framtíðar, það er þungaverkefni. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum, við viljum viðhalda þekkingu á námssöguskráningum og tryggja öryggi barna og starfsmann. Þar fyrir utan, erum við með fjögur ný megin verkefni sem verða unnin í vetur ásamt hefðbundnu starfi.

Í fyrsta lagi, langar okkur að gera könnun um aðlögun barna sem hefja aðlögun hjá okkur haustið 2026 Í öðru lagi, munum við vinna að nýrri námsskrá undir handleiðslu menntavísindasviðs, og það verður okkar aðalverkefni. Við munum ekki meta þá vinnu, en lokaafurðin verður útgáfa að nýrri námsskrá skólans haustið 2027. Í þriðja lagi verðum við með algjöra nýjung í vetur, en við verðum með fjóra verkefnastjóra í hlutastarfi. Öll börn skólans fara reglulega í stundir í einingakubbum, leikfimi, tónlist og listum. Við munum meta hvernig þessi aðferð reynist okkur og börnunum. Í fjórða lagi, tökum við fyrir markmið Menntastefnunnar, megináherslan hjá okkur í vetur 2026-2027 verður sjálfsefling. Sjálfsefling snýst meðal annars um að börn:

- ★ Öðlist trú á eigin getu
- ★ Læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir
- ★ Taki ábyrgð á eigin námi og gjörðum
- ★ Geti sett sér markmið
- ★ Þekki eigin styrkleika
- ★ Geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar
- ★ Læri að takast á við áskoranir
- ★ Upplifi að þau hafi áhrif og rödd í eigin umhverfi

Þetta tengist mjög sterkt leikskólastarfi, þar sem sjálfstæði barna, þátttaka, lýðræði, leikur og ábyrgð í daglegum athöfnunum eru mikilvægir þættir.

Ásamt þessu öllu, stefnum við að gerð málstefnu- og samstarfssáttmála fyrir Kvistaborg og að stofna starfsmannafélag.

innra mat	Öryggismál
Umbótaþáttur/matsþáttur	Öryggismál barna og starfsmanna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Tryggja starfsöryggi barna og starfsmanna með fræðslu og breyttum verkferlum og skyldunámskeiðum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla og fundir nýttir til að ræða málefnið. Vinnum í því að viðhalda þekkingunni sem þegar er til staðar og að nýliðar fái tækifæri að sækja skyldunámskeið. Tryggja að allir starfsmenn noti öryggisvesti við útistörf og sérstakt vesti fyrir þann sem stimplar börn út í lok dags. Lögð var frekari áhersla á öryggi barna og starfsmanna þar sem starfsmaður hefur það hlutverk að sameinast öðrum í lok dags þegar fækkar í starfsmanna- og barnahópnum.
Ábyrgð	Það er sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna að tryggja starfsöryggi starfsmanna og barna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	október 2026 - maí 2027

Hvenær og hvernig á að meta?	Maí 2027, samræðumat á starfsmannafundi og með góðri eftirfylgd í móttöku nýrra starfsmanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að útbúin verði góð gæðalýsing og öryggishandbók sem stuðst verður við í móttöku nýrra starfsmanna.

innra mat	**Námssöguskráningar**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námssöguskráningar sem aðferð til að meta nám og velferð barna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að námssöguskráningar fá viðeigandi pláss í daglegu leikskólastarfi og að þær séu órjúfanlegur hluti að námi barna í Kvistaborg.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um gildi námssöguskráninga í námi og velferð barna og fræðsla um hvernig skráningar eru gerðar. Gerð var sameiginleg mappa í tölvu umhverfinu okkar fyrir starfsfólk til að halda utan um skráningar (tilbúin Templet) og auðvelda þeim með uppsetningu þeirra.
Ábyrgð	Sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Mars 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Athugun, hvort allar deildir séu komnar með námssöguskráningar í ferilmöppu barnanna og hver gerði skráningarnar. Komu allir starfsmenn að námssöguskráningu? Könnun meðal starfsmanna og samantekt deildarstjóra - umræðumat á starfsmannafundi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að öll börn leikskólans hafi að minnsta kosti tvær skráningar í sinni ferilmöppu eftir skólaárið 2026-2027.

innra mat	Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum
Umbótaþáttur/matsþáttur	Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn í Kvistaborg
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Leggja skal áherslu á vandaða móttöku nýliða með markvissri móttökuáætlun fyrstu 3 mánuði í starfi sem stuðlar að árangri og starfsánægju á nýjum vinnustað. Tryggja þarf að nýliðar fái nauðsynlega þjálfun og upplýsingar við upphaf starfs, skýrar væntingar um hlutverk sitt og öruggt svigrúm til að spyrja og leita sér upplýsinga.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Notast er við móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum sem kemur frá Norðurmiðstöð, þar sem nýliði fær afhenta möppu, með gátlistum, þar sem farið er yfir mikilvægar upplýsingar fyrstu vikur í starfi, þessi yfirferð er undir handleiðslu deildarstjóra og í þeirri yfirferð fylgir endurgjöf á reynslutíma. Móttökuáætlun Kvistaborgar, er einnig notuð, þar er farið er yfir ýmis hagnýt atriði sem lúta að starfinu, ásamt réttindum og skyldum í starfi. Tryggt er að nýir starfsmenn geti sótt skyldufræðslu sem allir starfsmenn leikskóla skulu sækja á Torginu (Torgið heldur utan um ýmis endurmenntunar og námsframboð fyrir starfsmenn Reykjavíkurbogar)
Ábyrgð	Stjórnendateymi (sem samanstendur af deildarstjórum, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra) sér um móttökur og eftirfylgdina við endurgjöf.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við nýja starfsmenn maí 2027
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Með góðri móttöku og fræðslu í upphafi starfs er hægt að auka öryggi, ánægju og áhuga í starfi hjá nýju starfsfólki og þar með stuðla að gæðastarfi í Kvistaborg, börnum til heilla.

ytra mat	Móttaka og aðlögun nýrra barna og foreldra
ytra mat	Móttaka og aðlögun nýrra barna og foreldra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að safna upplýsingum og fá rödd frá foreldrum um móttökur og aðlögun barna í Kvistaborg haustið 2026 og sjá hvaða tækifæri eru til að gera enn betur og ekki síður að sjá hvað er að virka vel.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026
Hvernig metið?	Rafræn könnun til nýrra foreldra Samtalsmat meðal starfsmanna
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Móttökuáætlun nýrra barna og foreldra endurskoðuð og uppfærð eftir þörfum.

innra mat	Verkefnastjórar, í einingakubbum, leikfimi, tónlist og listum
Umbótaþáttur/matsþáttur	Nýung - Hvernig gekk þetta verkefni
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að það myndist gott flæði á milli deilda og verkefna sem unnin eru undir handleiðslu verkefnastjóra og að börnin njóti sín í þessum stundum
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Samræðumat kennara og samtal við börnin

innra mat	Menntastefnan - Sjálfsefling
Umbótaþáttur/matsþáttur	Meginmarkmið Kvistaborgar 2026-2027 er að efla sjálfsseflingu barna þannig að þau upplifi að þau geti, haft áhrif og hafi rödd, séu mikilvægur hluti af hópnum og geti tekið þátt í ákvörðunum sem varða þeirra daglega líf.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við notum 5 skýra mælikvarða 1. Sjálfstæði - Getur barnið meira sjálft í lok árs en í upphafi? 2. Frumkvæði - Tekur barnið sjálft frumkvæði að leik, verkefnum, samskiptum og lausnum? 3. Rödd barna - Fáum við fram hugmyndir og skoðanir barna og sjáum við þær hafa áhrif á starfið? 4. Félagsfærni - Getur barnið átt samskipti, tekið þátt í hóp og leyst úr ágreiningi með meiri stuðningi eða sjálfstæði? 5. Trú á eigin getu - Þorir barnið að prófa, gera mistök, leita lausna og halda áfram?
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umræður á starfsmannafundum og deildarfundum
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat að hausti og vori hjá kennurum með aðkomu barna - sömu spurningar fyrir hvert barn. Hvert teymi/deild metur stöðuna á kvarðanum 1-5, sjaldan, stundum, oft, að mestu leyti, Á mjög skýran hátt. Við útbúum eyðublöð fyrir hvert barn sem farið er yfir að hausti og vori. Við ætlum einnig að spyrja börnin, ákveðinna spurninga sem snúa að lýðræði, þátttöku og sjálfseflingu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði	Að við sjáum árangur og mun eftir veturinn á skorblöðum sem notuð verða. Að við sjáum og finnum sýnilegan árangur á sjálfstæði barna í daglegu starfi.

4. Starfsþróunarsamtöl

Regluleg Starfsþróunarsamtöl sátu því miður á hakanum þetta starfsárið vegna álags í starfsumhverfi. Samtöl fóru fram eftir þörfum, hjá bæði deildarstjórum og leikskólastjóra, og verður framhaldið haustið 2026 og komast vonandi í góða rútínu.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Allir starfsmenn fóru í námsferð erlendis. Förinni var heitið til Svíþjóðar, þar sem heimsóttir voru tveir leikskólar sem störfuðu í anda Reggio Emilia og við tókum þátt í skipulagðri vinnustofu. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og tekið var vel á móti okkur. Þetta var bæði nærandi og góð ferð.

Í lok ágúst 2026, fóru 4 stjórnendur á Eecera ráðstefnu í Madeira, en ráðstefnan er stútfull af fyrirlestrum um skólamál og rannsóknir. Einn fyrirlestur var meðal annars frá Margréti Sigríði Björnsdóttur Aðjunkt frá menntavísindasvið, um stærðfræði ungra barna, en það er einmitt afrakstur af þróunarstarfi sem Kvistaborg tók þátt í á vegum menntastefnu Reykjavíkurborgar

Endurmenntun síðsta vetur 2025-2026, sjálfsagt ekki tæmandi:

- Skyndihjálp: allir starfsmenn
- Matvælaöryggi: allir starfsmenn
- Barnaheill - Vernd barna gegn kynferðisofbeldi: allir starfmenn
- Jafnréttisskóli Reykjavíkur - kynfræðsla: allir starfsmenn
- Viva Engage kynning frá UTR: allir starfsmenn
- Jafnréttisskóli Reykjavíkur - Öryggi og ofbeldi: allir starfsmenn
- Stjórnendaþjálfun I: deildarstjórar, sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Ráðstefna starfsfólks leikskóla, skóla- og frístundasviðs: allir starfsmenn
- Norðurmiðstöð - Móttökuáætlun nýliða: allir nýir starfsmenn
- Móttökuáætlun nýliða í Kvistaborg: allir nýir starfsmenn
- Torgið: sérhæfð námskeið að vali hvers og eins
- Fyrirlestur um næringu leikskólabarna fyrir starfsfólk í Heilsueflandi leikskóla: starfsfólk sem sýndi áhuga
- Kynning á Reykjavíkurleiðinni: allir starfsmenn
- Askur - Nýtt skráningarkerfi kynnt: allir starfsmenn
- Attentus – Fullkomin streita: allir starfsmenn
- Fjölmenning til framtíðar: deildarstjórar leikskóla
- Náttúrulega kennsla: Tveir í sérkennslu
- Lærdómssamfélag Leikskólastjóra, stjórnendur skólans.
- Netfyrirlestrar, frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur: allir starfmenn
    - Læsi í sjálfssprottnum leik barna
    - Breytingar á aðalnámskrá leikskóla
    - Uppeldisfræðileg skráning

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027

Engin námsferð innanlands eða utanlands er á dagskrá næsta skólaár. Stefnt er að því að viðalda skyldunámskeiðum að nýjum starfsmönnum en þau eru ófá, ásamt því að hvetja starfsmenn til að nýta sér námskeið sem eru á Torginu og það sem Mixtúra hefur upp á að bjóða. Við sendum tvo á Náttúrlega kennslu og annað námskeiðstilboð nýtum við eftir þörfum ef það henta okkar stefnu og markmiðum. Einn stjórnandi er á stjórnendanámskeiði, sem haldið er af Reykjavíkurborg.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis

Kvistaborg á í virku samstarfi við Fossvogsskóla, Neðstaland (frístundarheimili) og leikskólann Furuskóg. Markmiðið er að allir hagsmunaaðilar fái tækifæri til virkrar þátttöku í samstarfinu og í skipulagningu fjölbreyttra viðburða og uppbrotsdaga, svo sem furðufatadags, skipulagsdaga og gagnkvæmra skólaheimsókna. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að samfellu milli skólastiga, með farsæld barna að leiðarljósi á þessum mikilvægu tímamótum. Samstarfið gekk vel síðasta vetur.

Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstalands í Fossvogi veturinn 2026-2027 - sjá fylgiskjal nr. 10.4
Öðruvísi dagar í Fossvogi 2026-2027 fylgiskjal nr. 10.5.

7. Foreldrasamstarf

Í Kvistaborg er starfrækt virkt foreldrafélag og foreldraráð sem standa að ýmsum uppákomum og viðburðum í samstarfi við skólann. Síðasta vetur var meðal annars heimsókn jólasveins sem færði börnunum gjafir, sumarhátíð þar sem foreldrar voru hvattir til að mæta, og foreldrafélagið bauð upp á hoppkastala.

Þá fór einnig fram árleg danskennsla sem endaði með danssýningu fyrir foreldra. Samstarf við fjölskyldur er afar mikilvægur þáttur í daglegu starfi Kvistaborgar. Foreldrar gegna lykilhlutverki í lífi barnanna og getað miðlað mikilvægum upplýsingum um börn sín. Virðingarfull, gagnkvæm og regluleg samskipti milli foreldra og kennara styðja við farsæla leikskólagöngu barna. Boðið er upp á að minnsta kosti tvö **foreldrasamtöl** á hverju skólaári, eitt skömmu eftir aðlögun og annað í lok skólaárs í apríl /maí.

Foreldrafundir eru haldnir fyrir hverja deild í upphafi vetrar, þar sem farið er yfir ýmis praktísk atriði og faglegt starf deildarinnar.

Nývistunarfundir voru haldnir fyrir nýja foreldra sumarið 2026, sem hafa fengið úthlutað plássi fyrir barn sitt í skólanum. Mæting var mjög góð og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn einu sinni á ári að hausti og auglýstur með tveggja vikna fyrirvara. Á næsta aðalfundi verður farið yfir reikninga og lög félagsins yfirfarin.

Foreldraráð var kosið haustið 2025 og kemur saman eftir þörfum. Foreldrar og forráðamönnum sem gefa kost á sér til starfs, annað hvort í foreldraráðinu eða foreldrafélaginu, er boðið að njóta hátíðarmáltíðar með starfsfólki á Þakkargjörðarhátíðinni, sem er að þessu sinni 26. nóvember.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skóladagatal, sjá fylgiskjal nr. 10.3



Skipulagsdagar skólaárið 2026–2027

- **31. ágúst (mánudagur)** – Kvistaborg
- **19. nóvember (fimmtudagur)** – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu
- **27. janúar (miðvikudagur)** – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu
- **27. apríl (þriðjudagur)** – Sameiginlegur skipulagsdagur í Reykjavík
- **7. maí (föstudagur)** – Kvistaborg
- **25. maí (þriðjudagur)** – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

9. Þróunarverkefni

Á ekki við.

F. h. leikskólans Kvistaborgar

Guðrún Gunnarsdóttir	1. Október 2026
Leikskólastjóri	Dagsetning

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2025-2026

Víðilundur

Styrkleikar

Á skólaárinu 2025-2026 voru tveir árgangar á Víðilundi, annars vegar sex börn fædd árið 2023 og hins vegar fimm börn fædd árið 2024. Það reyndist mikill kostur að hafa fámennan hóp á yngstu deildinni, þar sem börnin voru flest að feta sín fyrstu spor í skólaumhverfinu.

Frjálsi leikurinn fékk gott rými í dagskipulaginu og börnin höfðu ávallt aðgang að bókum sem þau gátu sjálf nálgast til að skoða, lesa og ræða saman um. Lesið var og sungið daglega, meðal annars í samverustundum sem fóru fram tvisvar á dag. Áhersla var lögð á útiveru fyrir hádegi, þar sem börnin hvíldu sig eftir hádegi.

Hreyfistundir fóru fram einu sinni í viku með áherslu á grófhreyfingar og þjálfun þeirra. Einnig voru stuttar Lubbastundir vikulega þar sem unnið var með málhljóð fyrir börn á aldrinum 2-3 ára ásamt Leikum- og lærum um hljóðin. Blær tók reglulega þátt í samverustundum með hópnum. Skapandi starf var samofið daglegu starfi og fengu börnin tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið.

Tækifæri

Á skólaárinu 2026-2027 verða 22 börn á Víðilundi, þar af þrjú fædd árið 2025 og nítján fædd árið 2024. Um er að ræða stóran hóp á yngstu deild, sem kallar á skipulag þar sem hópnum er reglulega skipt upp í minni einingar svo hvert barn fái notið sín betur.

Mikilvægt er að gefa aðlöguninni þann tíma sem hún þarfnast, þannig að bæði börnum og foreldrum líði vel að henni lokinni.

Málörvun verður áfram stór þáttur í starfinu og lögð verður áhersla á gott aðgengi barna að bókum. Lestur, söngur og útivera verða áfram mikilvægir þættir í daglegu starfi og frjálsi leikurinn fær gott rými.

Unnið verður með hljóðin í gegnum Lærum og leikum með hljóðin stundir og eldri árgangurinn kynnist Lubba í stuttum Lubbastundum. Þá verður bangsinn Blær nýttur í samverustundum. Einnig væri æskilegt að innleiða könnunarleik í starfið, þar sem unnið er með verðlausan efnivið.

Að lokum er mikilvægt að finna góða lausn á skipulagi í fataherbergi leikskólans, þannig að aðstæður þar styðji betur við daglegt starf og vellíðan barna og starfsfólks.

Birkilundur

Styrkleikar

Á Birkilundi var lögð sérstök áhersla á **hæglæti og sjálfshjálp í fataklefanum**. Börnunum er gefinn tími og rými til að klæða sig sjálf og þjálfa þannig sjálfstæði og færni. Sérstakt fataherbergi í húsinu hefur reynst afar dýrmætt fyrir þennan aldurshóp, þar sem börnin eru að tileinka sér fjölbreytta sjálfshjálparfærni.

Málörvun er rauði þráðurinn í starfinu enda eru börnin á mikilvægu máltökuskeiði. Starfsfólk styður við málþroska með því að setja orð á athafnir, endurtaka markvisst og skapa fjölbreytt tækifæri til samskipta. Söngur og sögustundir eru fastur þáttur í daglegu starfi og á þessu skólaári hefur einnig skapast mikill áhugi á bókum.

Lubbastundir hafa verið mikilvægur þáttur í starfinu. Unnið var sameiginlegt þróunarverkefni með það að markmiði að gera stundirnar líflegri, auka þátttöku barna og tengja Lubba betur við daglegt starf. Áhersla var lögð á að nýta námstækifæri í umhverfinu og tengja efnið við leik, hreyfingu og sköpun. Jafnframt var markmiðið að efla þekkingu, samstarf starfsfólks um námsefnið *Lubbi finnur málbein*.

Sjálfsprottinn leikur er einn mikilvægasti þáttur starfsins og var ákveðið að gefa honum meira rými í dagskipulaginu. Börnin leika sér frá kl. 08:00–10:00 á morgnana og einnig eftir hádegi. Starfsfólk er virkt og meðvitað til staðar í leiknum, styður við börnin, leggur til kveikjur og grípur inn í þegar þörf krefur.

Í haust bættust **þrír nýir starfsmenn** í hópinn og því var lögð sérstök áhersla á góða móttöku og markvissa leiðsögn. Unnið var að því að þróa árangursríkar leiðir til að styðja nýtt starfsfólk og niðurstaðan var sú að leiðsögn þarf að taka mið af þörfum hvers einstaklings. Skýr hlutverk, gott skipulag, hrós og jákvæð endurgjöf reyndust mikilvægir þættir í að efla öryggi, starfsánægju og æskilega starfshætti. Starfsmannasamtöl og formlegir leiðsagnarfundir hafa jafnframt styrkt traust og samskipti milli deildarstjóra og nýliða.

Tækifæri

Við stefnum að því að skapa enn betri aðstæður fyrir sjálfsprottinn leik barna. Til þess ætlum við að kynna okkur Handbók um leik barna í leikskólum og veita starfsfólki tíma til undirbúnings, svo það geti öðlast dýpri skilning á eðli leiksins, hlutverki sínu í honum og mikilvægi hans fyrir þroska og vellíðan barna.

Deildarfundir fengu ekki nægilegt vægi á síðasta starfsári og við viljum bæta skipulag þeirra. Þetta þarf að vinna í samstarfi við aðra deild og krefst vandaðs undirbúnings. Deildarfundir eru afar mikilvægir fyrir faglegt starf og stuðla að góðu upplýsingaflæði milli stjórnenda og starfsfólks. Þeir eru í raun ómissandi þáttur í öflugu leikskólastarfi.

Við þurfum einnig að nýta rýmið í Höllinni betur, þar sem barnahópurinn verður stærri næsta vetur. Mikilvægt er að nýta ærslahornið daglega og listasmiðjuna þegar hún er ekki í notkun til að skapa betra námsumhverfi fyrir alla. Við munum gera það með því að setja upp skýrt skipulag um hvaða starfsmaður er í ærslahorninu og á hvaða tímum og láta það síðan ganga á milli starfsfólks.

Asparlundur

Styrkleikar

Leikurinn er ávallt í forgrunni á Asparlundi, enda gegnir hann lykilhlutverki í að efla félagsþroska barna. Á Asparlundi er lögð áhersla á að skapa fjölbreyttar aðstæður sem bjóða upp á ólíka möguleika til leiks og náms.

Við nýtum leikinn á margvíslegan hátt, hvort sem um er að ræða talna- eða stafanám, útikennslu, hreyfingu í sal, skapandi starf á deild eða útiveru. Markmið Asparlundar er að skapa rými þar sem börnin fá tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, kanna umhverfi sitt og þróa eigin hugmyndir.

Starfsfólk Asparlundar leggur sig fram við að hlusta á hugmyndir barnanna og grípa þær þegar tækifæri gefast. Það er sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með börnunum skapa sitt eigið leikrými úti í náttúrunni, þar sem mold, spýtur, steinar og annar náttúrlegur efniviður fær sitt eigið hlutverk og veitir innblástur fyrir skapandi leik.

Asparlundi var tvískipt í vetur. Ákveðið var að hafa borð í annarri stofunni og holukubba í hinni þar sem þeir fengu gott pláss til að njóta sín betur. Þetta bauð upp á frábær tækifæri til leiks og leikurinn einkenndist að mikilli samfellu.

Asparlundur fékk til sín tvo norska leikskólakennaranema sem veittu starfinu mikinn innblástur og stefnt er að viðhalda þeim hugmyndum á lofti sem þær kynntu fyrir okkur.

Tækifæri

Asparlundur verður með færri börn næsta vetur. Það býður upp á tækifæri til að halda áfram að tvískipta hópnum og skapa rólegt umhverfi og betri rými fyrir leik, með færri börnum í hverju rými.

Það var mikil starfsmannavelta á Asparlundi síðasta vetur og vonir standa til aukins stöðugleika í starfsmannahópnum næsta vetur.

Stefnt er að því að innleiða þemaverkefni sem verður unnið með yfir ákveðið tímabil, með áherslu á þátttöku barna og samþættingu við daglegt starf.

Einnig verður lögð aukin áhersla á söng og markvissa nýtingu þess góða efnis sem til er, með það að leiðarljósi að efla orðaforða og málþroska barna.

Reynilundur

Styrkleikar

Á Reynilundi er unnið mikið með hreyfingu og tónlist og sönglög eru sungin og textar krufnir. Með því næst djúp málörvun og hafa foreldrar orð á því að orðaforði barna dafni vel hjá börnum á Reynilundi. Þemavinna um söguna Skrímslið litla systir mín og þemavinna um vináttu var í vetur.

Heimsókn í Tanngarð, fræðsluferð í Alþingi, vináttudagur Barnaheilla í Húsdýragarðinn, þátttaka í Barnamenningarhátíð með Tónskóla Sigursveins ásamt heimsókn í Tónskóla Sigursveins, ferðir í Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið, tvær ferðir í Kvikmyndahús, tvær ferðir að hlusta á Sinfóníuhljómsveit íslands, ferð á Árbæjarsafn, margar ferðir í íþróttir í Víkingsheimilið eru dæmi um vettvangsferðir deildarinnar.

Tækifær

Haustið 2026 verða mörg börn á Reynilundi aftur, eða 32 börn við verðum með tvo deildarstjóra í stað eins áður. Verkefni okkar verður að halda utan um tvo hópa með 16 börnum í hvorum hóp. Tryggja verður sömu innlögn, bæði hvað varðar lestur bóka fyrir börnin og annað nám. Erfitt getur verið að bóka tvo hópa í vettvangsferðir, skráningar hafa stundum verið teknar út vegna þess að við erum með tvo hópa með sama fjölda á viðburð. Passa þarf vel allar skráningar og myndvinnslu. Með samheldnu átaki kennara deildarinnar vonumst við til þess að þetta náist næsta skólaár.

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Deild/aldur barna	Yngri börn, 1-3 ára, Víði- og Birkilundur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hæglæti í fataherberginu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markmiðið er að skapa meiri ró og hæglæti í fataherbergjum og stuðla þannig að betra umhverfi fyrir börnin
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við ætlum að byrja fyrr að klæða börnin á morgnanna, svo börnin hafi nægan tíma til að klæða sig án óþarfa streitu og flýti. Æskilegt er að taka aðeins nokkur börn í einu inn í fataherbergið, þannig að þau fái meira rými og betri aðstoð við að klæða sig. Jafnframt þarf að gæta þess að börn sem eru tilbúin fyrir útiveru þurfi ekki að bíða óþarflega lengi eftir að komast út. Starfsfólk þarf að vera virkt og tilbúið til að aðstoða börnin þegar þörf krefur. Á sama tíma er mikilvægt að hvetja börnin til að reyna sjálf fyrst og efla þannig sjálfstæði þeirra og trú á eigin getu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið í janúar 2027 og svo maí 2027
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmiðið er að fataherbergið verði rólegur og notalegur vettvangur þar sem börn fá nægan tíma, stuðning og tækifæri til að þjálfa sjálfstæði sitt

Deild/aldur barna	Eldri börn, 4-6 ára, Aspar- og Reynilundur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börn viti hvað lýðræð er og fái tækifæri að kynnast því og upplifa í skólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að kynna fyrir þeim hugtakið “lýðræði” og nota það með börnum þegar það er við hæfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Með skráningu og með því að finna fræðsluefni fyrir kennara. Deildarfundir nýttir til að ræða hvernig við eflum lýðræði og sjálfstæði á deildinni
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti fært í orð hvað lýðræði er. Að kanna hvar þau upplifa að þau geti haft áhrif með skráningu og samtali við börnin.

10.3 Skóladagatal 2026-2027



Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10.4 Samstarf Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogskólasskóla 2026-2027

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar, Fossvogsskóla og frístundarheimilisins Neðsaland og heimsóknir á báða bóga.
Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

október / nóvember - 7. bekkur les fyrir leikskólabörn

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur í samráði við alla aðila. Nemendur undirbúa sjálfir heimsóknina, velja bækur sem þau telja að henti fyrir börnin og þau hafi áhuga á. Umsjónarkennarar aðstoða við valið.

Miðvikudaginn 4. nóvember

Nemendur úr 1. bekk Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn fyrir hádegi. Svava Björk aðstoðarskólastjóri ræðir við umsjónarkennara um tímasetningu og hópaskiptingu og verður í sambandi við leikskólastjóra/deildarstjóra á leikskólunum.

Þriðjudagur 17.nóvember – Kvistaborg - Miðvikudagur 18.nóvember - Furuskógur

9:30 -11:00 Nemendur heimsækja Fossvogsskóla og ganga um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Frjáls leikur. Svava Björk aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum og upplýsir um heimsóknina og verður í sambandi við Heklu í Neðstalandi varðandi skipulag.

Miðjan nóvember

Fundur vegna lesskimunar að þeim loknum. Tímasetning ákveðin er nær dregur.
Æskilegt er að umsjónarkennarar, deildarstjórar, deildarstjóri fagstarfs mæti á fundinn.

Desember

Fossvogsskóli býður börnunum í leikskólanum á battó jól. Nánari dagsetning ákvörðuð eftir veðri. Svava Björk sér um upplýsingagjöf varðandi tímasetningu og látum vita deginum áður.
Vinabekkur leikskólabarnanna er 6. bekkur og væri því kjörið að vera með þeim á battó jólum.

15. – 19. febrúar

Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir börn í Kvistaborg og Furuskógi. Heimsóknin er góð æfing fyrir stóruupplestrarkeppnina. Svava Björk sér um að ákveða tímasetningu í samráði við leikskólana og umsjónarkennara.

mars

Heimsókn í 1.bekk: Börn í Kvistaborg og Furuskógi mæta í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunnesti með þeim og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. Svava Björk ræðir við umsjónarkennara um verkefni og skipulag, gott að hafa fjölbreytt verkefni(4-5 stöðvar, líka leikur/hlutbundið).

apríl

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi mæta í íþróttir í Fossvogsskóla með 1. bekk, fara Fossóhringinn og taka þátt í íþróttatíma. Byrja úti, fara svo inn, fer eftir veðri. Svava Björk heldur utan um skipulag á tímasetningum og upplýsa alla aðila.

maí

Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma og horfa á sal hjá nemendum í 1. bekk. Hafa samband tímanlega til að ræða og fá tímasetningu.

Æskilegt er að skipulagið haldi sér, ef þörf er á að breyta tímasetningum skal það gerast í tíma nema óviðráðanlegar aðstæður komi upp 😊 Allir aðilar leggja sig fram um að upplýsa um forföll ef þau koma upp.
Fundað verður í janúar 2027 til að finna hentugar dagsetningar fyrir verkefnið

10.5 Öðruvísi dagar í Fossvogi 2026-2027

Fylgiskjal nr. 10.4

Öðruvísi dagar í Fossvogi 2026– 2027

Fossvogsskóli – Furuskógur – Kvistaborg - Neðstaland

Þriðjudagur 27.október	Bangsa - og náttfatadagur
Föstudagur 30. október	Hrekkjavökudagur 
Mánudagur 9. nóvember	Grænn dagur (Baráttudagur gegn einelti) 
Mánudagur 1. desember	Fullveldisdagurinn 
Föstudagur 4. desember	Jólapeysudagurinn/Rauður dagur 
Föstudagur 15. janúar	Hattadagur 
Miðvikudagur 10.febrúar	Öskudagur 
Fimmtudagur 18. Mars	Mislitir sokkar, mars 
Föstudagur 19.mars	Furðufatadagur 

Þessi dagar hér fyrir neðan, lendir á frí- og lokunardögum skólanna:

- GULUR dagur , september

10.6 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð Kvistaborgar telur áherslur starfsáætlunar Kvistaborgar 2026-2027 í góðu samræmi við störf leikskólans undangengið skólaár. Leikskólabörnum á Kvistaborg heldur áfram að fjölga þó nú hægi á vextinum. Meirihluti starfseminnar er áfram í Haðalandi en það er áskorun að reka skólann í þremur húsum þar sem útisvæði er ekki í öllum tilfellum áfast skólabyggingunni. Það var þó afar gott að fá nýja leiksvæðið afhent í apríl 2026. Endurbætur á leikskólahúsnæðinu við Kvistaland eru enn ekki hafnar og foreldraráð Kvistaborgar kallar eftir uppfærðri framkvæmdaáætlun.

Þó margt hafi breyst undanfarið ár er festa í skólastarfinu í Kvistaborg og staðið vörð um hefðir skólans. Áfram er áhersla lögð á að læra í leik, að efla þáttöku barna í fjölbreyttri hreyfingu og að leggja góðan grunn að lestrarfærni barna. Það er mat foreldraráðs að starfsáætlun Kvistaborgar er aðgengileg, auðlesanleg og veitir forráðamönnum góða innsýn inn í starf skólans. Þar fyrir utan er upplýsingagjöf til foreldra regluleg og góð yfir skólaárið en hún fer gjarnan fram í gegnum Völu.

Foreldraráð Kvistaborgar hefur engar athugasemdir við starfsáætlun 2026-2027 en vill koma því á framfæri að í Kvistaborg hefur tekist að búa börnum til öruggt, lærdómsríkt og örvandi umhverfi. Ánægja er meðal forráðamanna með það vandaða starf sem fer fram í Kvistaborg.

Fulltrúar í foreldraráði:

Saga Guðmundsdóttir

Klara Bents

Gunnars Sigurðsson

10.7 Viðauki frá listkennslu 2025-2026

2025 – 2026 LISTASMIÐJA – Kvistaborg – Verkefnastjóri: Anna Hallin

Júní – ágúst 2025 ASPARLUNDUR
FJÖLL - skoða myndir af mismunandi fjöllum á Íslandi og hvað þau eru með mismunandi form, teikna síðan með klessulitum og mála blek með pensill.
Móta sitt eigið fjall: eggjabakkar, dagblöð og pappamassi.
Skipti 2:
Blanda og hella gipsi yfir fjallið sem búið var að móta og mála með bleklitum








September 2025 BIRKILUNDUR



Hella lit á stórt blað, lyfta blaðinu og láta málninguna renna yfir blaðið og reyna „stoppa“ litinn áður hann rennur yfir kantinn með því að leggja blaðið niður. Bæta við lit og síðan aftur að láta málninguna renna – skoða og sjá hvað er á blaðinu; flugvél, krókódíll, hamar ofl.

Teikna og mála sundlaug – skoða kassa og hring

Október 2025 sjálfsmyndir og dýr - KOL og blek - Reynilundir og Asparlundur
Rannsaka og skoða hvað kol er og hvernig það hagar sér.















Mála með kolum, klessulitum og bleki – Viðilundur




Nóvember - teyjumyndir

Dýfa teygju í skál með lit, klípa teygjuna með þvottaklemmu og færa teygjuna yfir á blaðið.
Stimpla, mála, sleppa úr hæð ofl.
Skoða og pæla það sem er á blaðinu




Nóvember og desember

Leir og gifs REYNILUNDUR - móta leirandlit á kringlóttan útflattan leir og búa til leirkant, hella gifsi og setja krók í gifsið áður en það storknar og mála síðan gifsið með bleklitum.






2026

Janúar - mála með tennisbolta – BIRKILUNDUR
Dýfa tennisbolta í fingraliti, stimpla og rúlla yfir blað.





REYNILUNDUR – heimsókn í hópum á vinnustofu á Ægisgötu. Mála leirandlitin sem búið var að hrábrenna, síðan teikna og mála strætó - sem hóparnar voru búnir að taka til að komast frá Kvistaborg til vinnustofunnar. Mála disk saman á rennibekk.













Litafræði - REYNILUNDUR
Grunnlitirnir, gulur, blár og rauður og blanda grænt, appelsínugult og fjólublátt inn á litahringinn sem var teiknaður upp á blað. Klippa litahringinn út og búa til skopparakringlu.
Mála frjálsa mynd eftir þetta lærdómsríka skólaverkefni.
Apríl 2026 FARATÆKI – ASPARLUNDUR
Pæla í hvað faratæki er, teikna og mála.



Maí og júní

Trönur – sjálfsmynd - ASPARLUNDUR





Teikna sjálfsmynd við trönur með kolum, síðan klessulitum og bleki i flöskum með litlum stút og pensill.











Júní – BIRKILUNDUR Teikna hringi með blýanti og kol og tengja hringina. Bæta við því sem manni langar til og síðan bæta við litum með pensli. Skoða og pæla í því sem er á blaðinu, lasagna, risaeðlu, kappraksturbílar , litli bróðir, bíl, óveður ofl. Rúlla þétt saman limbandinu sem var kringum blaðið og skreyta með litaða limbandinu og búa til snigill.

„Óveður“, Róbert,



Birkilundur, júní 2026



„Kvistaborg“, Alda, Birkilundur, júni, 2026

þvo penslana í bala og bæta við smá bleki, dropateljara og sápu.

Blása og skoða sápuna og litina í balanum. Prófa að blása og gera þannig að þú verður vindurinn.




LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST